

* Upprunavottorð

Úrskurður nr. 10/2005.

Kærður er úrskurður tollstjórans í Reykjavík um endurákvörðun aðflutningsgjalda af 31 vörusendingu. Kærandi krefst þess að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Ríkistollanefnd staðfesti úrskurð tollstjóra.

Með bréfi sem dagsett er 2. september 2005 en barst ríkistollanefnd þann 6. s.m., kærir A. f.h. K. úrskurð tollstjóra. Í hinum kærða úrskurði er EUR tollmeðferð hafnað á 31 sendingu er innihéldu ýmiss konar leðurfatnað. Tollstjóri heldur því fram að vörunar uppfylli ekki skilyrði um uppruna og uppfylli því ekki skilyrði 8. gr. EES samningsins og bókonar 4 við hann. Kærandi telur sig hafa verið í góðri trú um gildi upprunayfirlýsinga þegar hann framvísaði tollskjölum.

Í kærinni segir að upprunayfirlýsingar frá framleiðanda hafi legið fyrir þar sem fram kom að vörunar væru framleiddar innan evrópska efnahagssvæðisins. Þær upplýsingar hafi verið notaðar til að fylla út aðflutningsskjöl. Kærandi segir að innflytjendur hafi ekki tækifæri til að sannreyna gildi þeirra upplýsinga sem fram koma á vörureikningum, þeir verði að treysta þeim skjölum sem seljendur/framleiðendur framvísa við þá. Í því tilfalli sem hér sé verið að fjalla um sé um að ræða vöru sem sé sérframleidd fyrir fyrirtækið og um sé að ræða ýmis frávik frá standard sniðum. Skiljanlega hafi hann trúað þeim skjölum sem seljandi sendi um uppruna vörunnar, enda óskiljanlegt hvernig þeir hafa getað afgreitt vörur með þeim breytingum sem óskað var eftir ef svo væri ekki. Í innflutningi sem þessum sé það þannig að verslað sé við marga aðila. Ef þær upplýsingar sem nú liggja fyrir um uppruna vörunnar hefðu legið fyrir hefðu þeir aðilar einfaldlega orðið of dýrir og því hefði viðskiptum verið beint annað. Kæranda finnst óásættanlegt að mistök framleiðanda/seljanda verði til þess að hann þurfi að bera stóran fjárhagsskaða af. Nær væri að beina kröfum að þeim aðilum sem gáfu út upprunayfirlýsingarnar.

Í hinum kærða úrskurði tollstjóra segir m.a. að endurákvörðunin taki til vöru í eftirtöldum sendingum:

F 787 18 11 1 BE LGG V622
F 451 06 12 1 GB LHR V097
F 787 24 02 2 BE LGG V664
F 783 23 04 2 BE LGG V108
F 451 01 06 2 GB LHR 3202
F 787 21 07 2 BE LGG V357
F 451 31 08 2 GB LHR V344
F 451 19 10 2 GB LHR V776
F 451 30 11 2 GB LHR V991
F 451 08 02 3 GB LHR V443
F 451 08 03 3 GB LHR V164
D 812 13 04 3 LU LUX V145
D 812 04 05 3 LU LUX V561
D 810 04 06 3 GB EMA V405
D 812 22 06 3 LU LUX V923
D 810 28 08 3 GB EMA V450

F 787 25 11 1 BE LGG V771
F 787 16 12 1 BE LGG V343
F 789 17 03 2 BE LGG V278
F 451 18 05 2 GB LHR V747
F 453 16 07 2 GB LHR V263
F 451 24 08 2 GB LHR V184
F 453 26 09 2 GB LHR V146
F 451 23 11 2 GB LHR V811
F 451 11 01 3 GB LHR V799
F 451 22 02 3 GB LHR V807
D 812 30 03 3 LU LUX V765
D 812 27 04 3 LU LUX V442
D 812 11 05 3 LU LUX V811
D 812 15 06 3 LU LUX V649
D 812 13 07 3 LU LUX V429

Hafi fyrirsvarsmönnum fyrirtækisins verið gefinn kostur á að gera grein fyrir sjónarmiðum sínum og framvísa gögnum sem máli kynnu að skipta. Engin gögn eða andmæli hafa borist vegna fyrrgreindra sendinga. Þá segir að ástæða endurákvörðunar sé sú að við eftirlit hjá embættinu hafi komið í ljós að vörur í fyrrgreindum sendingum hafi verið ranglega tilgreindar í aðflutningsskýrslu sem upprunavörur í skilningi 8. gr. EES-samningsins og bókuar 4 við hann, sbr. lög nr. 2/1993 um evrópska efnahagssvæðið. Samkvæmt gögnum embættisins sé ekki um vörur sem uppfylla skilyrði um upprunavörur að ræða og geti þær því ekki notið fríðindameðferðar á grundvelli EES-samningsins.

Þá segir í hinum kærða úrskurði tollstjóra að með bréfum til breskra tollyfirvalda hafi vöruheikningar frá Sardar Leather Ltd., Majorledge Ltd. – T/A Syra Leatherwear, Xile Leathers Ltd., Ashy Ltd./One Style Ltd. og Eastwest Merchandise, sem fylgdu með fyrrgreindum sendingum, verið sendir í upprunakönnun með vísan til 32. gr. bókuar 4 við EES-samninginn. Bæði var um að ræða vöruheikninga sem höfðu að geyma yfirlýsingu útflytjanda um að vörurnar uppfylltu þau skilyrði sem gerð eru til upprunavara, sbr. b-lið 1. mgr. 15. gr. bókuar 4 við EES-samninginn, og vöruheikninga sem fylgdu EUR.1-flutningsskírteini, sbr. a-lið 1. mgr. 15. gr. bókuar 4 við EES-samninginn.

Í svarbréfum breskra tollyfirvalda hafi komið fram að vörurnar sem tilgreindar séu á reikningum frá Majorledge Ltd. – T/A Syra Leatherwear, Xile Leathers Ltd., Ashy Ltd./One Style Ltd. og Eastwest Merchandise séu utansvæðisvörur. Vörurnar geti því ekki notið fríðindameðferðar á grundvelli EES-samningsins. Þá komi það fram í svarbréfi breskra tollyfirvalda að hluti þeirra vara sem tilgreindar eru á reikningum frá Sardar Leather Ltd. sé ekki upprunavara og geti því ekki notið fríðindameðferðar á grundvelli EES-samningsins. Því sé um vangreidd aðflutningsgjöld að ræða.

Í úrskurðinum rekur tollstjóri lið fyrir lið sendingarnar og þær vörur sem eigi við í það og það skipti. Um er að ræða alls 22 sendingar sem hafa eingöngu að geyma utansvæðisvörur og 9 sendingar sem hafa að geyma bæði utansvæðisvörur og vörur sem notið geta fríðindameðferðar á grundvelli EES-samningsins.

Alls nemur endurákvörðunin kr. 6.449.886, aðflutningsgjöld kr. 3.833.475 og dráttarvextir kr. 2.616.411.

Tollstjóri byggir úrskurð sinn á 1. mgr. og 3. tl. 5. mgr. 99. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum. Í 1. mgr. 99. gr. tollalaga kemur fram að tollstjóri skuli í samræmi við ákvæði greinarinnar endurákvæða innflytjanda aðflutningsgjöld ef í ljós kemur að þau voru ekki rétt ákvæðuð við tollafgreiðslu. Í 3. tl. 5. mgr. 99. gr. tollalaga er tollstjóra heimilt að endurákvæða aðflutningsgjöld sex ár aftur í tímann, talið frá tollafgreiðsludegi, þegar um SMT-tollafgreiðslu er að ræða. Um greiðslu dráttarvaxta af vangreiddum aðflutningsgjöldum fer eftir ákvæðum III. kafla laga nr. 28/2001 um vexti og verðtryggingu, sbr. 7. mgr. 99. gr. tollalaga.

Kæran var send tollstjóranum í Reykjavík til umsagnar þann 6. september 2005. Í svari sem barst nefndinni þann 29. s.m. segir m.a. að ljóst sé að K. sé innflytjandi vara í umræddum sendingum og skýrt sé tilgreint í 1. mgr. 99. gr. tollalaga að tollstjóri skuli endurákvæða innflytjanda aðflutningsgjöld ef í ljós kemur að þau voru ekki rétt ákvörðuð við tollafgreiðslu. Samkvæmt 3. tl. 5. mgr. 99. gr. sé tollstjóra heimilt að endurákvæða aðflutningsgjöld sex ár aftur í tímann, talið frá tollafgreiðsludegi þegar um SMT-tollafgreiðslu sé að ræða. Þær sendingar sem hér um ræðir voru afgreiddar í EDI tollmeðferð, sem hafi verið undanfari SMT tollafgreiðslu. Þegar um SMT-tollafgreiðslu sé að ræða þá beri innflytjandi ábyrgð á því að þær upplýsingar sem veittar séu við tollafgreiðslu vöru séu réttar, sbr. 16. gr. tollalaga. Tollstjóri telur því að innflytjandi K. beri ábyrgð á þeim gögnum og upplýsingum sem lögð voru til grundvallar við tollafgreiðslu sendinganna. Hins vegar gæti innflytjandi í framhaldinu átt mögulega endurkröfu á seljanda. Slík endurkrafa er hins vegar óviðkomandi tollyfirvöldum. Með vísan til alls framangreinds krefst embættið þess að úrskurður tollstjóra frá 1. september s.l. verði staðfestur.

Greinargerð tollstjóra var send kæranda til umsagnar þann 29. september 2005 í ábyrgðarpósti. Kæranda var veittur frestur til 20. október 2005 til að skila inn umsögn um greinargerð tollstjóra. Kærandi nýtti ekki rétt sinn til andsvara.

Ríkistollanefnd hefur fjallað um málið og kynnt sér þau gögn sem málsaðilar hafa lagt fram. Í þessu máli er kærð endurákvörðun tollstjóra á alls 31 vörusendingu sem innihélt fatnað sem fluttur var inn frá Bretlandi. Með tollskjölum fylgdu yfirlýsingar um að varan uppfyllti skilyrði um upprunatollmeðferð. Við rannsókn breskra tollyfirvalda kom hins vegar í ljós að svo var ekki. Kærandi er ósáttur við að hann sé krafinn um vanreiknuð aðflutningsgjöld og finnst eðlilegra að tollyfirvöld beini kröfum um vangreidd aðflutningsgjöld að hinum erlendu seljendum.

Í 1. mgr. 16. gr. tollalaga nr. 55/1987 með síðari breytingum segir: Sá sem sendir tollstjóra aðflutningsskýrslu um vöru með rammaskýti um gagnaflutningsnet vegna SMT-tollafgreiðslu ber ábyrgð á því að upplýsingar, sem þar eru veittar, séu réttar. Enn fremur ber hann ábyrgð á að um sé að ræða allar þær upplýsingar sem eiga að koma fram vegna tollafgreiðslunnar og að þær séu byggðar á þeim tollskjölum sem hefði átt að leggja fram með aðflutningsskýrslu ef vöru hefði ekki verið ráðstafað til SMT-tollafgreiðslu. Þessi málsgrein tekur til innflytjanda og annarra sem ráðstafa vöru til SMT-tollafgreiðslu, auk aðila sem heimild hafa til að skuldbinda þá.

Að mati nefndarmanna er ljóst að innflytjandi ber ábyrgð á að þær upplýsingar sem fram koma í tollskjölum séu réttar. Ljóst er að við rannsókn breskra tollyfirvalda hefur komið í ljós að vörur þær sem tollstjóri hefur nú endurákvæðað gjöld á uppfylla ekki reglur um uppruna, sbr. 8. gr. EES-samningsins og bókunar 4 við hann. Seljendur vörunnar hafa ekki getað sannað uppruna vörunnar en í 16. gr. bókunnar 4 við EES samninginn lið 3 segir: *“Útflytjandi sem sækir um útgáfu EUR.1-flutningsskírteinis skal vera reiðubúinn að leggja fram hvenær sem er, að beiðni tollyfirvalda í útflutningslandinu þar sem EUR.1-flutningsskírteinið er gefið út, öll tilheyrandi skjöl þar sem vottað er að viðkomandi framleiðsluvara sé upprunavara og að öllum öðrum kröfum sem settar eru fram í þessari bókun sé fullnægt.”*

Þá segir í 20. gr. sömu bókunnar lið 3: *“Útflytjandi sem gefur út yfirlýsingu á vörureikningi skal vera reiðubúinn að leggja fram, hvenær sem er, að beiðni tollyfirvalda í útflutningslandinu, öll tilheyrandi skjöl sem sanna upprunaréttindi viðkomandi framleiðsluvara og að öðrum kröfum þessarar bókunar hafi verið fullnægt.”* Ljóst er að seljendur vöru þeirrar sem hér er verið að fjalla um gátu ekki uppfyllt ofangreind ákvæði Bókunnar 4 við EES samninginn.

Með vísan til 101. gr. tollalaga nr. 55/1987 með síðari breytingum, staðfestir ríkistollanefnd hinn kærða úrskurð tollstjóra þar sem ljóst sé að í tilvitnuðum sendingum voru vörur sem ekki geta notið fríðindameðferðar á grundvelli EES-samningsins.